

21. apríl 1998

Vinnuskjal

**Heimildir til þess að setja reglur og reglugerðir samkvæmt frumvarpi til laga um húsnæðismál og tengsl þeirra við sambærilegar heimildir í lögum, nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.**

Hér að neðan eru taldar upp þær heimildir sem vísað er til í skýringum við 51. gr. frv. til laga um húsnæðismál og hver séu tengsl þeirra við núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

- 1. Um verkefni Íbúðalánasjóðs, sbr. 4. gr.**  
*Fyrirmyndi ákvæðisins er sótt til 2. gr. núgildandi laga. Með ákvæðinu er lögð áhersla á að sjóðurinn starfi í samræmi við gildandi lög og þær reglugerðir, sem settar verða.*
- 2. Um styrki vegna tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði, sbr. 6. tölul. 9. gr.**  
*Fyrirmynd heimildarinnar er sótt til 14. gr. núgildandi laga. Í stað þess að heimila lánveitingar er veitt heimild til þess að veita styrki.*
- 3. Um önnur verkefni Íbúðalánasjóðs, sbr. 7. tölul. 9. gr.**  
*Heimildin er nýmæli. Tilgangur hennar er að tryggja að félagsmálaráðherra geti falið Íbúðalánasjóði önnur verkefni sem snerta t.d. framkvæmd fjöleignarhúsalaga, húsaleigulaga og laga um húsaleigubætur.*
- 4. Um skipulag Íbúðalánasjóðs, sbr. 12. gr.**  
*Sambærileg heimild er nú í 1. mgr. 3. gr.*
- 5. Um skilyrði lánveitinga samkvæmt öðrum lánaflokkum, sbr. 2. mgr. 16. gr.**  
*Sambærileg heimild er nú í 15. gr.*
- 6. Heimild til þess að fela sérstökum trúnaðarmönnum mat skv. 18. gr.**  
*Sama heimild er nú í 20. gr.*
- 7. Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbrefadeild kaupir, sbr. 19. gr.**  
*Samabærileg heimild er nú í 26. gr.*
- 8. Um matsverð fasteigna, sbr. 20. gr.**  
*Sama heimild er nú í 2. mgr. 27. gr.*
- 9. Hámarksfjárhæð einstakra lánaflokka, sbr. 21. gr.**  
*Sama heimild er nú í 1. mgr. 27. gr.*

10. **Um framkvæmd hlutkestis skv. 22. gr.**  
*Sama heimild er nú í 23. gr.*
11. **Um frestun afborgana af fasteignaveðbréfum, sbr. 24. gr.**  
*Sama heimild er nú í 27. gr. a.*
12. **Um greiðslukjör húsbréfa, sbr. 25. gr.**  
*Sama heimild er nú í 28. gr.*
13. **Um ákvörðun vaxtaálags, sbr. 29. gr.**  
*Sama heimild er nú í 21. gr.*
14. **Frekari fyrirmæli um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta, sbr. 30. gr.**  
*Greinin er nýmæli. Veitt er heimild til þess að setja ákvæði í reglugerð um þau atriði, sem nú eru m.a. í 33. gr. og um önnur atriði er snerta húsbréfaviðskipti.*
15. **Um skilyrði viðbótarlánveitinga, sbr. 2. mgr. 31. gr.**  
*Greinin er nýmæli, en vakin er athygli á sambærilegri heimild og nú er í 64. gr. nógildandi laga um mat á umsækjendum um kaup á félagslegu íbúðarhúsnæði*
16. **Um samspil almennra lána og viðbótarlána, sbr. 3. mgr. 31. gr.**  
*Greinin er nýmæli. Rétt er að hafa í reglugerð ákvæði um það, hvernig framkvæmd verði háttað við afgreiðslu á almennum lánum og viðbótarlánum og að tryggt verði fullt samræmi þar á milli.*
17. **Um hámarkslánstíma viðbótarlána, sbr. 32. gr.**  
*Greinin tekur mið af efni 21. gr. frumvarpsins, sem á sér fyrirmynd í 1. mgr. 27. gr. nógildandi laga, er veitir sambærilega heimild.*
18. **Um efni samþykktá félaga sem sækja um lán til leiguíbúða, sbr. 36. gr.**  
*Greinin tekur mið af 37. gr. gildandi laga og þeirri framkvæmd sem byggt hefur verið á.*
19. **Skilyrði lánveitinga til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, sbr. 37. gr.**  
*Sambærilegt ákvæði er nú í 37. gr.*
20. **Um rétt til leiguhúsnæðis, sbr. 40. gr.**  
*Stuðst er við sambærilegar reglugerðarheimildir og eru í 64. gr. gildandi laga.*
21. **Skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag til reksturs leiguíbúða, sbr. 41. gr.**  
*Greinin er nýmæli. Í greininni eru talin upp þau efnisatriði, sem ekki verður vikið frá, eigi sveitarfélag að fá að stofna félag. Í samræmi við þau meginsjónarmið, sem þar eru rakin er ráðherra heimilt að setja reglugerð.*
22. **Heimild til þess að ákveða mánaðarlegt leigugjald, sbr. 42. gr.**  
*Sambærilegt ákvæði er nú í 77. gr., sbr. 73. gr. nógildandi laga.*

23. Heimild til þess að kveða nánar á um störf og starfshætti kæruneftndar húsnaðismála, sbr. 44. gr.  
*Greinin er nýmæli.*
24. **Um hundraðshluta framlaga og nánari ákvæði, sbr. 47. gr.**  
*Greinin er nýmæli og veitir heimild til þess að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um varasjóð viðbótarlána. Hún skal sett í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.*
25. **Skilyrði afskrifta, sbr. 49. gr.**  
*Heimildin er nýmæli og fjallar um það hvernig skuli nánar staðið að framkvæmd afskrifta krafna sem glatað hafa veðtryggingu sinni.*
26. **Um gjaldtöku, sbr. 50. gr.**  
*Greinin er samhljóða 7. gr. nógildandi laga*
27. **Um erindisbréf nefnda, sbr. 56. og 57. gr.**  
*Greinin er nýmæli.*
28. **Um nánari reglur um störf varasjóðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII.**  
*Greinin er nýmæli. Vakin er athygli á því að í 81. gr. er veitt heimild til þess að setja í reglugerð nánari ákvæði um Tryggingasjóð vegna byggingargalla.*

21. apríl 1998